

## Ræða framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs Íslands

Frosti Ólafsson

### Forsætisráðherra, félagar Viðskiptaráðs og aðrir góðir gestir,

Ég vil byrja á því að þakka ykkur fyrir að koma hingað í dag og um leið fagna ég því hversu breiður hópur fólks lætur sig þetta viðfangsefni varða.

Alþjóðageirinn hefur snertifleti víða og í raun er óhætt að segja við séum ekki að ræða um vaxtargrundvöll afmarkaðs hluta hagkerfisins, heldur hagkerfisins í heild.

Ef við stefnum að sjálfbærum hagvexti þá þurfum við að finna þessa margumræddu þúsund milljarða einhvers staðar. Það skiptir í raun ekki máli hvort við ætlum okkur að vaxa hægt eða hratt, sama verkefni bíður okkar. Ef við ætlum ekki að ganga á náttúruauðlindir landsins þurfum við að byggja fleiri stoðir en sterkar auðlindagreinar til að standa undir útflutningi framtíðarinnar.

Þegar horft er til áskorana og tækifæra hjá fyrirtækjum í alþjóðlegum rekstri á Íslandi er þrír þættir sem skera sig úr:

- Framtíðarstefna í peningamálum og þær margbættu áskoranir sem gjaldeyrishöft skapa
- Þau miklu tækifæri sem öflugur mannauður skapar til framtíðar
- Og síðast en ekki síst hvernig viðhorf Íslendinga gætu staðið uppbyggingu alþjóðageirans fyrir þrífum

Það velkist líklega enginn í vafa um að gjaldeyrishöft eru óheppileg fyrir alþjóðlegan rekstur fyrirtækja á Íslandi. Ég vona aftur á móti að erindi dagsins í dag og upplýsingarit þingsins varpi skýrara ljósi á hversu stórt vandamálið er.

Smæð íslensku krónunnar – ein og sér - mun alltaf standa alþjóðageiranum fyrir þrífum. Gengissveiflur og hár fjármagnskostnaður hafa vafalítið dregið úr þeim fjölda fyrirtækja sem komist hafa á legg undanfarna áratugi. En að viðbættum gjaldeyrishöftum eru forsendur til vaxtar nær engar og yfirgnæfandi líkur á því að þau fyrirtæki sem njóta alþjóðlegrar velgengi sjá hag sínum betur borgið annars staðar. Skýr framtíðarstefna í peningamálum og markvissar aðgerðir til afnáms hafta eru því algjör grunnforsenda fyrir uppbyggingu alþjóðageirans.

Við búum yfir samkeppnishæfu vinnuafli og kraftmiklum frumkvöðlum. Þetta er meginástæða þess að tekist hefur að viðhalda umsvifum alþjóðlegrar starfsemi á Íslandi. En betur má ef duga skal. Tryggja þarf að hæft vinnuafli sjái framtíð sinni best borgið héraðs og efla mannauð enn frekar með aukinni fjárfestingu í rannsóknum, háskólamenntun og nýsköpun. Samhliða þurfa stjórnvöld að tryggja samkeppnishæft skattaumhverfi og byggja upp aðlaðandi framtíðarsýn fyrir ungt fólk. Ísland á að vera land tækifæra.

Síðast en ekki síst þurfum við að huga að viðhorfum. Til að njóta ávinnings alþjóðlegrar starfsemi til fulls þurfa stjórnvöld, atvinnulíf og almenningur að vera tilbúin að hoppa út í djúpu laugina. Íslendingar vilja geta sótt inn á erlenda markaði en á sama tíma höfum við ekki verið nægjanlega opin fyrir því að hingað komi erlend fyrirtæki, starfsmenn og fjárfesting. Almennt viðhorf til atvinnurekstrar markast um of af tortryggni. Það á ekki að taka áhættu í rekstri og helst hvorki græða né tapa. Ofan á þetta virðist lítill áhugi á að ráðast í miklar breytingar, enda gæti það þýtt að einhverjir þurfi að aðlaga sig að þeim.

## Talað orð gildir

Við eigum ekki að vera þjóð sem er hrædd við erlenda samkeppni, hrædd við að taka skynsamlega áhættu eða hrædd við að innleiða breytingar.

Við eigum þvert á móti að taka breytingum fagnandi og sýna hugrekki og framsýni í stefnumörkun til framtíðar.

Ég ætla að láta þetta vera síðustu orðin hér í dag. Frammi bíða okkur veitingar frá öllum heimshornum og ég vona að sem flestir hafi tíma til að staldra við og njóta þeirra. Um leið og ég þakka ykkur fyrir komuna segi ég þessu Viðskiptaþingi slitið.

Takk fyrir.